

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Gufuneshöfði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 2. október 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að fjarlægja innsiglingarmerki við Gufuneshöfða og koma fyrir nýju innsiglingarmerki um 105 metra til norðausturs, vestan Leiðhamra/Krosshamra. Við þessa breytingu er deiliskipulagssvæðið stækkað og mörk þess færð til norðvesturs yfir hverfisverndarsvæði Gufuneshöfða að strandsvæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ármúli 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs þann 23. október 2019, breytingu á skilmálum deiliskipulags Ármúla-Vegmúla-Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 7 við Ármúla. Í breytingunni felst að heimilt verði að endurbyggja og/eða hækka núverandi tengibyggingu. Áætlað er að reisa fjöggra hæða tengibyggingu og sameina hana Ármúla 7, mhl. 04. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lambhagavegur 23.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst að byggingarlína íbúðarhúss er færð 2 metra til vesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Brietartún 3-5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. október 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartúnsreit 1.220.0, vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Brietartún. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðausturs og auka nýtingarhlutfall þannig að heimilaðar verði þrjár hæðir með inndreginni þakhæð sem snýr að Brietartúni, en fimm hæðir að auki inndreginni þakhæð á norðaustur hluta lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 6. nóvember 2019.

Björn Axelsson.